



# SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

## Úthlutunarreglur vegna styrkja úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2024-2029

### 1. Um Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra


Uppbyggingarsjóður hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Sjóðurinn stuðlar að jákvæðri samfélagsþróun, treystir stóðir menningar, eykur samkeppnishæfni landshlutans og stuðlar að sjálfbærni og jákvæðum umhverfisáhrifum.

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður. Umsóknir eru metnar út frá markmiðum og áherslum Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Starfsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Styrkveiting úr sjóðnum fellur undir reglugerð ESB nr. 1407/2013 um að opinber stuðningur við verkefni skuli ekki fara yfir 300.000 evrur á hverju þriggja ára tímabili.

Um störf úthlutunarnefndar er fjallað í starfsreglum úthlutunarnefndar.

### 2. Úthlutunarferli

Styrkir eru almennt auglýstir einu sinni á ári, að hausti og úthlutað á fjórða ársfjórðungi. Ef tilefni þykir til, er heimilt að auglýsa aftur eftir umsóknum. Auglýsingar um styrki skulu birtar á heimasíðu SSNE og í staðbundnum fjölmiðlum innan starfssvæðis sjóðsins.



### 3. Umsækjendur

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki eða stofnanir. Jafnframt geta sveitarfélög á Norðurlandi eystra verið umsækjendur en að jafnaði skulu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði. Umsækjendur um stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar skulu vera lögaðilar.

#### 4. Umsóknir

Umsóknum skal skilað í rafrænni umsóknargátt Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra sem hægt er að nálgast á heimasíðu SSNE. Að jafnaði getur hver umsækjandi að hámarki hlotið tvo veitta styrki í hverju úthlutunarferli.

Í umsókninni skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur. Mikilvægt er að kostnaðaráætlanir séu raunhæfar. Einnig skal koma fram hvernig verkefnið styður við markmið gildandi Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

#### 5. Fyrri verkefni

Umsækjandi skal hafa skilað lokaskýrslu vegna fyrri verkefna til að ný umsókn verði afgreidd af úthlutunarnefnd.

#### 6. Viðmið um mat á verkefnum

Umsóknir þurfa að falla að markmiðum [Sóknaráætlunar Norðurlands eystra](#). Uppbyggingarsjóður lítur sérstaklega til verkefna sem jafna stöðu allra hópa samfélagsins; óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund. Leitast er við að veittir styrkir dreifist á svæðið allt. Við mat á umsóknum er stuðst við matsblöð sem nálgast má [hér](#).

#### 7. Styrkir

Uppbyggingarsjóður styrkir að jafnaði ekki meira en 50% af styrkhæfum heildarkostnaði verkefna, að jafnaði er gert ráð fyrir að verkefni séu unnin innan 12 mánaða frá styrkveitingu. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði eru þrenns konar;

- a) verkefnastyrkir á sviði blómlegra byggða
- b) verkefnastyrkir til atvinnulífs  
\*Verkþættir og kostnaðarliðir sem nauðsynlegir eru við framkvæmd verkefna eru styrkhæfir að frátöldum þeim þáttum sem taldir eru upp í 8.A
- c) stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar  
\*Verkþættir og kostnaðarliðir sem nauðsynlegir eru við framkvæmd verkefna eru styrkhæfir að frátöldum þeim þáttum sem taldir eru upp í 8.B.

#### 8 A. Verkefnastyrkir Uppbyggingarsjóðs taka ekki til eftirfarandi þátta:

1. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga í fyrirtækjum né til kaupa á lóð eða húsnæði.
2. Ekki er veittur styrkur til að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað.
3. Ekki er veittur styrkur til kaupa á aðföngum til framleiðslu sem ætluð er til sölu á markaði.
4. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa, heldur skal miða við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum, til hliðsjónar skal hafa almenna kjarasamninga eða reiknað endurgjald.
5. Ekki eru veittir styrkir fyrir útgáfu af nokkru tagi nema sérstaða sé skýr og í samræmi við markmið Sóknaráætlunar. Þó getur sjóðurinn styrkt sjálft sköpunarferlið.
6. Ekki er styrkt starfsemi íþróttafélaga, bæjarhátíðir, samkomur (s.s. tónleikar, minningarsamkomur, sýningar og málþing) án sýnilegrar sérstöðu.

7. Skjalaskráning, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla er ekki styrkt.
8. Sá kostnaður sem fallið hefur til fyrir lok umsóknarfrests vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.
9. Að jafnaði getur sama verkefnið ekki hlotið styrk oftari en þrisvar sinnum.

### **8 B. Stofn- og rekstrarstyrkir taka ekki til eftirfarandi þátta:**

1. Uppbyggingarsjóður veitir ekki stofn- og rekstrarstyrki til viðurkenndra safna.
2. Almennt eru rekstrarstyrkir ekki veittir til reksturs á háönn, nema sérstaða sé skýr og í samræmi við markmið Sóknaráætlunar.
3. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launa, heldur skal miða við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum, til hliðsjónar skal hafa almenna kjarasamninga eða reiknað endurgjald.
4. Ekki eru veittir styrkir fyrir útgáfu af nokkru tagi nema sérstaða sé skýr og í samræmi við markmið Sóknaráætlunar. Þó getur sjóðurinn styrkt sjálft sköpunarferlið.
5. Skjalaskráning, safnaðarstarf og hefðbundið menningarstarf innan skóla er ekki styrkt.
6. Sá kostnaður sem fallið hefur til fyrir lok umsóknarfrests vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.

### **9. Skilmálar**

Umsækjandi samþykkir með umsókn sinni þá skilmála sem koma fram í úthlutunarreglum þessum og að verkefnið verði unnið skv. lýsingu og verkáætlun sem fylgdu fyririggjandi umsókn. Styrkþegar skulu uppfylla hæfisskilyrði 2. mgr. 47 gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup.

Styrkþegi og forsvarsmaður verkefnisins bera alla ábyrgð á framkvæmd þess og skulu ábyrgjast að fullnægjandi leyfi sé fyrir framkvæmd verkefnisins, notkun heimilda svo og öðrum þáttum sem tilheyra verkefninu. Jafnframt hvílir á þeim fjárhagsleg ábyrgð um bókhalds- og framtalsskyldu og hefur Uppbyggingarsjóður aðgang að bókhaldi verkefnisins, ef þess er óskað.

### **10. Greiðslur styrkja**

Greiðsla styrkja fer þannig fram að 80% af styrkuppþæð greiðist í seinni hluta janúar og 20% styrkuppþæðar við skila á fullnægjandi lokaskýrslu, nema um annað sé sérstaklega samið.

Verði verulegar breytingar á verkefninu, án samþykkis úthlutunarnefndar, er styrkur afturkræfur að hluta eða öllu leyti. Allar beiðnir um breytingar þurfa að berast viðkomandi starfsfólki SSNE án tafa og er því heimilt að taka ákvarðanir um óverulegar breytingar. Óverulegar breytingar teljast t.d. seinkun verkloka fram í mars næsta árs og breyting á staðsetningu viðburða.

Lokaskýrslu skal skilað í umsóknargátt Uppbyggingarsjóðs.

## 11. Trúnaður

Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra í samræmi við upplýsingalög. Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefnis og styrkupphæð ásamt kynningartexta.

## 12. Endurskoðun

Úthlutunarreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.

*Samþykkt af stjórn SSNE 7. maí 2026*

